

FRÉTTATILKYNNING 03/2016

Dómur í máli E-14/15 *Holship Norge AS* gegn *Norsk Transportarbeiderforbund*

VIÐSKIPTABANN SEM MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ AFLA SAMÞYKKIS Á KJARASAMNINGI – 31., 53. og 54. GR. EES-SAMNINGSINS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn svör við spurningum sem vísað var til hans af hálfu Hæstaréttar Noregs (*Norges Høyesterett*) um túlkun á 31., 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Málið varðaði tilkynningu Hins norska stéttarfélags starfsmanna í samgönguþjónustu (*Norsk Transportarbeiderforbund*) um viðskiptabann sem beint var að *Holship Norge AS*, norskum flutningamiðlara, til þess að knýja fram samþykki fyrirtækisins á rammasamningi fyrir hafnarstarfsmenn. Rammasamningurinn tekur til þrettán hafna í Noregi, meðal annars hafnarinnar í Drammen. Með rammasamningnum er stjórnarsýsluskrifstofu vegna hafnarstarfsemi í Drammen komið á fót, en það er aðili sérstaks eðlis sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni. Stjórn hennar skipa þrjár fulltrúar atvinnurekenda og tveir fulltrúar launþega. Rammasamningurinn inniheldur forgangsákvæði, þar sem kveðið er á um að upp- og útskipun skipa verði að vera framkvæmd af hafnarstarfsmönnum stjórnarsýsluskrifstofunnar, nema í því tilviki að stjórnarsýsluskrifstofan geti ekki tekið að sér verkefnið.

Þar sem *Holship* er ekki aðili að rammasamningnum nýtir það eigin starfsmenn til þess að sinna upp- og útskipunarstarfsemi í Drammen. Í því skyni að knýja *Holship* til þess að gerast aðili rammasamningsins sendi stéttarfélagið *Holship* tilkynningu um viðskiptabann og sóttist eftir úrskurði Héraðsdóms Drammen (*Drammen tingrett*) um lögmæti þess. Héraðsdómur Drammen og síðar áfrýjunardómstóllinn (*Borgarting lagmannsrett*) komust að þeirri niðurstöðu að viðskiptabannið væri lögmætt þar sem það var talið falla utan gildissviðs 53. og 54. gr. EES-samningsins auk þess sem bannið var talið samrýmast 31. gr. EES-samningsins. *Holship* leitaði endurskoðunar á dómi áfrýjunardómstólsins fyrir Hæstarétti Noregs, sem ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.

Fyrsti hluti spurninganna – túlkun á 53. og 54. gr. EES-samningsins

Dómstóllinn tók fram að undanþága kjarasamninga frá samkeppnisreglum EES-samningsins tæki ekki til ákvæðis þar sem notanda hafnar væri gert skylt að taka starfsmenn annars fyrirtækis fram yfir eigin starfsmenn, eða notkun viðskiptabanns í þeim tilgangi að knýja fram samþykki á kjarasamningi sem innihéldi slíkt ákvæði.

Dómstóllinn tók fram að kjarasamningar féllu utan gildissviðs samkeppnisreglna EES-samningsins ef gengist hefði verið undir þá í kjölfar kjaraviðræðna á milli atvinnurekenda og launþega, og ef þeir hefðu það að markmiði að bæta atvinnu- og starfsskilyrði. Jafnvel þótt fyrsta skilyrðið teldist uppfyllt í hinu fyrirliggjandi máli ætti það ekki við um síðara skilyrðið. Hvað varðaði síðara skilyrðið tók dómstóllinn fram að samanlögð áhrif tveggja ákvæða rammasamningsins, þ.e. forgangsákvæðisins og ákvæðisins sem kom stjórnarsýsluskrifstofunni á fót, væru að starfsmönnum stjórnarsýsluskrifstofunnar væri tryggð stöðug atvinna og ákveðin laun. Ákvæðin hefðu þannig þau áhrif að vernda þann afmarkaða hóp launþega sem ráðinn væri hjá stjórnarsýsluskrifstofunni til tjóns fyrir starfsmenn *Holship*, sem væri þar með gert ókleift að inna þessi störf af hendi. Enn fremur ætti viðskiptabannið, sem tilkynnt hefði verið af hálfu stéttarfélagsins, rætur að rekja til stjórnarsýsluskrifstofunnar, þar sem með banninu væri reynt að knýja *Holship* til þess að gangast undir skilmála rammasamningsins. Enn fremur tæki stéttarfélagið þátt í stjórnun stjórnarsýsluskrifstofunnar og hefði þannig hagsmuni af því að viðhalda markaðsstöðu hennar, og með því færu saman markmið viðskiptalegs eðlis og kjarnastarfsemi þess sem stéttarfélags. Að þessu

virtu taldi dómstóllinn að kerfið sem stjórnýsluskrifstofan byggðist á gengi lengra en að bæta aðeins atvinnu- og starfsskilyrði.

Til þess að aðili eins og stjórnýsluskrifstofan gæti talist fyrirtæki í skilningi 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins þyrfti hún að stunda atvinnustarfsemi á tilteknum markaði. Uppskipunarþjónusta væri atvinnustarfsemi þar sem um væri að ræða framboð þjónustu á markaði þar sem stjórnýsluskrifstofan keppti, raunverulega eða mögulega, við aðra þjónustuveitendur. Það væri landsdómstólsins að meta hvort veiting þjónustunnar væri að rekja til stjórnýsluskrifstofunnar.

Rétturinn rakti að ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins giltu um háttsemi sem gæti haft umtalsverð áhrif á viðskipti á milli EES-ríkja, hvort sem þau væru bein eða óbein, raunveruleg eða möguleg. Það væri landsdómstólsins að ákvarða hvort þetta skilyrði teldist uppfyllt í málinu.

Dómstóllinn tók fram að 53. gr. og 54. gr. gætu átt við um kerfi á borð við stjórnýsluskrifstofuna.

Hvað varðaði 54. gr. EES-samningsins komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að landsdómstóllinn yrði að taka afstöðu til þess hvort sá landfræðilegi markaður sem við ætti væri takmarkaður við höfnina í Drammen. Kæmist hann að þeirri niðurstöðu að stjórnýsluskrifstofan væri í markaðsráðandi stöðu þyrfti hann að ákvarða hvort sú staða ætti við á verulegum hluta EES-svæðisins. Einstök höfn gæti talist verulegur hluti EES-svæðisins. Kæmist landsdómstóllinn aftur á móti að þeirri niðurstöðu að höfnin í Drammen gæti ekki talist verulegur hluti EES-svæðisins yrði að líta til þess hvort eins eða samsvarandi kerfi stjórnýsluskrifstofa væru við lýði í öðrum höfnum. Hvað varðaði spurninguna um misnotkun yrði landsdómstóllinn að meta hvort stjórnýsluskrifstofan skyldaði kaupendur til þess að afla allrar eða mestrar uppskipunarþjónustu úr hendi hennar, hvort skrifstofan innheimti óhófleg gjöld, eða forðaðist að notfæra sér nútímatækni í störfum sínum.

Hvað varðaði 53. gr. EES-samningsins tók dómstóllinn fram að það væri landsdómstólsins að meta hvort hinar þrettán stjórnýsluskrifstofur væru aðilar samnings eða þátttakendur í samstillum aðgerðum í skilningi þess ákvæðis.

Síðari hluti spurninganna – túlkun á 31. gr. EES-samningsins

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að Holship væri í eigu dansks fyrirtækis tók dómstóllinn fram að viðskiptabann sem miðaði að því að knýja fram samþykki á kjarasamningi, sem innihéldi forgangsákvæði eins og það sem um væri að ræða í málinu, fæli í sér takmörkun á stofnsetningarréttinum. Aðild Holship að rammamningnum myndi knýja fyrirtækið til þess að veita starfsmönnum stjórnýsluskrifstofunnar forgang umfram eigin starfsmenn og til að greiða þeim eftir taxa sem ákveðinn væri af hálfu stjórnýsluskrifstofunnar. Enn fremur væri viðskiptabannið nátengt rammamningnum. Í þessu samhengi hefði það enga þýðingu hvort þörf Holship á út- og uppskipunarþjónustu væri mjög takmörkuð eða slitrótt.

Þá sagði í dóminum að takmarkanir á stofnsetningarréttinum mætti réttlæta annað hvort samkvæmt 33. gr. EES-samningsins eða á grundvelli sjónarmiða um almannahagsmuni á borð við vernd launþega. Þær réttlætningarástæður yrði að túlka í ljósi grundvallarréttinda. Í hinu fyrirbyggjandi máli verndaði kerfið sem stjórnýsluskrifstofan byggðist á afmarkaðan hóp launþega til tjóns fyrir aðra launþega. Jafnvel þótt réttur til þess að grípa til samhæfðra aðgerða tæki til aðstæðna þar sem launþegar gripu til aðgerða til þess að styðja við aðra launþega, væru engar vísbendingar um það að viðskiptabannið miðaði að því að bæta atvinnuskilyrði starfsmanna Holship. Enn fremur, kynni bannið að brjóta á rétti Holship eða starfsmanna þess til neikvæðs félagafrælsis. Enga þýðingu hefði fyrir mat á takmörkun á stofnsetningarréttinum að Holship beitti öðrum kjarasamningum um starfsmenn sína. Það væri

landsdómstólsins að ákvarða, með hliðsjón af málsatvikum og leiðbeiningum EFTA-dómstólsins, hvort að þær takmarkanir sem um ræddi væru réttlættanlegar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.